

Athvarf frá fordómum

EFTIR langa göngu í eyðimörk fordómanna sér hinn útskúfaði loks dásamlega Vin, athvarf frá miskunnarlausu umhverfi. Þeir sem leita athvarfs í Vin Rauða krossins við Hverfisgötu eiga við vanlíðan að stríða og búa við slæmar aðstæður. Það sýnir könnun sem gerð hefur verið meðal gestanna.

Í Vin er hlýlegt og notalegt umhverfi og gott andrúmsloft. Starfsmenn og sjálfbodaliðar taka vel á

móti gestkomandi. Gestir finna að þeir eru velkomnir enda koma flestir aftur. Þeir eru ekki lengur sjúklingar eða skjólstaðingar þegar þeir koma heldur gestir.

Vin er starfrækt í anda mannúðarstefnu Rauða krossins og í samræmi við tilgang hreyfingarinnar: „Að vernda líf og heilsu og tryggja virðingu fyrir mannlegu lífi.“ Rauði krossinn reynir með þessum hætti að „koma í veg fyrir og létta þjáningar fólks hvar sem það er statt“. Fyrir fimm árum var ljóst, m.a. vegna mikillar aðsóknar í félagsmiðstöð Geðhjálp, að RKÍ gat uppfyllt þessi markmið sín með því að stofna athvarf fyrir geðsjúka. Þá fannst undirrituðum að RKÍ ætti frekar að koma á fót heimaþjónustu fyrir geðfatlaða, því þann þátt vantaði þá sárlega. Niðurstaðan varð önnur, Vin var opnuð og seinna varð stuðningsþjónusta Geðhjálp stofnuð til að mæta ofangreindri þörf. Reynslan hefur sýnt að þessi þjónustutilboð RKÍ, Geðhjálp og reyndar einnig Geðverndarfélag Íslands, bæta hvort annað upp og eru ekki í innbyrðis samkeppni.

Mætingar í Vin eru fleiri á sumrin þegar geðdeildum er lokað. Gestakomum hefur fjölgað jafnt og þétt á síðustu árum. Sérstaklega hefur matargestum fjölgað og eru þeir nú meira en helmingi fleiri en fyrir fjórum árum.

Starfsfólk Vinjar hefur unnið með Geðhjálp að ýmsum verkefnum, t.d. höfum við í sameiningu haldið alþjóðlegan geðheilbrigðis-



Pétur
Hauksson

dag hátiðlegan 10. október undanfarin ár. Báðir aðilar hafa tekið þátt í undirbúningi AHA en það eru Aðstandendur hjálpa aðstandendum, nýjung sem hefur orðið til vegna mikillar þarfar.

Vin gegnir mikilvægu hlutverki í þjónustu við geðfatlaða. Þjónustan er á forsendum gestanna, þeir taka þátt í að móta starfið. Þannig er Vin athvarf sem er styrkjandi og uppbyggjandi og kemur í stað einangrunar og

flóttu í annan heim. Þess vegna vona ég að Vin verði starfrækt áfram og fái að dafna meðan þörfin

**Vin gegnir mikilvægu
hlutverki í þjónustu við
geðfatlaða, segir Pétur
Hauksson, á fimm ára
afmæli Vinjar Rauða
krossins.**

er svona mikil eins og raun ber vitni. Þá geta fórnarlömb fordóma og afskiptaleysis samfélagsins áfram komist í athvarf. Við óskum gestum og starfsmönnum Vinjar og Rauða Krossinum til hamingju með daginn.

Höfundur er formaður Geðhjálp.